



Gott aðgengi

Góðar ábendingar fyrir veitingastaði

- Veitingastaðir sem bjóða alla velkomna þurfa að hafa a.m.k. eitt borð ásamt stólum sem hentar fólki í hjólastólum (hæð undir borði 68-74 cm). Borðið verður að vera á sama svæði og aðrir gestir staðarins eru á.
- Mikilvægt er að borðfætur hindri ekki hjólastólanotendur við að komast að veitingaborði. Borð með tvo eða fjóra fætur henta mun betur en borð með miðjufæti til að fótafjalir og framdekk hjólastóls komist óhindrað og nægilega langt undir borðið.
- Huga þarf vel að uppröðun og uppsetningu húsgagna.
- Borð og stólar þurfa að vera færanleg.
- Það er ekki nægjanlegt að einungis eitt horn eða svæði staðarins sé aðgengilegt öllum. Fatlað fólk vill geta nýtt veitingastaði á sama hátt og ófatlað fólk og farið á milli borða og svæða hindrunarlaust.
- Fólk á öllum aldri getur átt erfitt með að standa upp úr sitjandi stöðu. Sumum hentar best að nota stóla með örmum fyrir aukinn stuðning en öðrum hentar best að nota stóla án arma. Eins velja sumir hjólastólanotendur að færa sig yfir í venjulegan stól á veitingastað og þá kemur sér vel að vera með mismunandi gerðir stóla svo fólk geti valið þá gerð af stól sem hentar því best.
- Hæð frá gólfi upp á setu stóls eða sófa, sem hentar notendum hjólastóla og t.d. fólki með vandamál í baki, hnjám eða mjöðmum ætti að vera u.þ.b. 50 cm. Setan þarf einnig að vera nokkuð þétt í sér svo notandinn sökkvi ekki niður í hana, á helst við um sófa o.þ.h.
- Góð lýsing þarf að vera til staðar í rýminu. Fólk með skerta sjón á auðveldara með að sjá ef birtuskilyrði eru góð og ná þá að lesa t.d. matseðla.
- Matseðlar þurfa að vera með skýru lettri.
- Færanlegur posi þarf að vera til staðar. Oft eru posar fastir á háum bar- eða móttökuborðum sem gerir það að verkum að hjólastólanotendur, lágvaxið fólk og aðrir eiga erfitt með að sjá á þá og nota.
- Gott er að forðast mikið áreiti. Hafa dúka á borðum til að minnka glamur, tryggja góða hljóðvist í sal, varast blikkandi ljós, o.s.frv.